# Tæki flutt með pramma út í eyju

**● Framkvæmdir hafnar vegna byggingar nýrrar brúar yfir Ölfusá ● Tækjabúnaður fluttur yfir í Efri-Laugardælaeyju vegna rannsókna sem þar verða gerðar ● Vegavinna hefst vestan við ána**

Sigtryggur Sigtryggsson
sisi@mbl.is

Framkvæmdir vegna byggingar nýrrar brúar yfir Ölfusá og færslu hringvegar (1) út fyrir þéttbýlið á Selfossi hófust seint á síðasta ári.

Unnið hefur verið við jarðvegsrannsóknir fyrir undirstöður brúarinnar, aðstöðusköpun og jarðvegsskipti í vegstæði hringvegar austan árinnar, að því er fram kemur á vef Vegagerðarinnar.

Næst þegar veður leyfir verður tækjabúnaður fluttur á pramma yfir í Efri-Laugardælaeyju vegna jarðvegsrannsókna sem þarf að framkvæma þar.

Einnig er áætlað að fljótlega hefjist vinna við vegskeringar vestan árinnar. Sú vinna hefur í för með sér að loka þarf göngustígum að skógræktinni. Unnið er að útfærslu hjáleiðar fyrir gangandi vegfarendur nær árbakkanum, sem hægt verður að nota fyrst um sinn.

Nýja brúin verður 330 metra löng og 19 metra breið stagbrú með 60 metra háum turni á Efri-Laugardælaeyju. Hún mun leysa af gömlu brúna, en um 80 ár eru frá því að hún var byggð.

Daglega fara um 14.500 ökutæki um Ölfusárbrú og býst Vegagerðin við að umferðin aukist enn frekar með fjölgun íbúa og ferðalanga.



Tölvumynd/Vegagerðin

**Nýja brúin** Efri-Laugardælaeyja er í miðri Ölfusá. Reistur verður 60 metra hár turn þar og því er rannsókna þörf.

Auk umferðar mun nýja brúin bera uppi lagnir veituaðila, rafmagn, ljósleiðara, heitt vatn og kalt. Gert er ráð fyrir umferð bíla, gangandi og hjólandi um brúna.

Verkið snýst um að færa hringveginn (1) norður fyrir Selfoss og byggingu nýrrar brúar yfir Ölfusá. Nýr hringvegur verður 2+1-vegur með aðskildum akstursstefnum, sem mögulegt verður að breikka síðar í 2+2-veg.

Hann mun tengjast hringtorginu við Biskupstungnabraut.

Veglínan austan Ölfusár verður um 1,7 kílómetra löng og fer um Svarfhólsvöll og tengist þaðan núverandi hringvegi austan Selfoss. Heildarlengd nýs hringvegar verður um 3,7 kílómetrar.

Einnig verður lagður nýr Laugardælavegur, auk tenginga við Gaulverjabæjarveg og Austurveg á Selfoss. Að auki verða byggð tvenn undirgöng fyrir gangandi, hjólandi og hestamenn, ásamt undirgöngum fyrir bíla og gangandi við Einholt, vestan Ölfusár.

Áætlaður framkvæmdakostnaður við byggingu Ölfusárbrúar og tengda vegi í heild er 14,3 milljarðar króna á verðlagi ársins 2024. Þar af er brúin talin munu kosta um 8,4 ma.kr. Fjármagnskostnaður (verðbætur til verkloka og framkvæmdafjármögnun) vegna lántöku er áætlaður 3,6 ma.kr. Samtals er því heildarkostnaður við verkið áætlaður um 17,9 milljarðar. sem ætlunin er að standa undir með gjaldtöku af umferð.

### Unnið að hönnun

Verktaki er ÞG Verk. Um er að ræða alútboð þar sem ábyrgð á endanlegri hönnun mannvirkja er á höndum verktakans og hefur ÞG Verk ráðið til sín hönnuði til að fullhanna verkið. Alþjóðlega hönnunar- og ráðgjafarfyrirtækið Ramboll mun hanna brú yfir Ölfusá. Verkfræðistofan Verkís annast hönnun vega, jarðtækni auk annarra brúa og undirganga. VSÓ, alþjóðlegt fyrirtæki með sérþekkingu í hönnun og byggingu kapalbrúa, mun starfa með ÞG verktökum að verkinu.

## Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. janúar 2025, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 6. janúar 2025 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. janúar 2025, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi, kílómetragjaldi vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er 13 þúsund kr. fyrir hvert fjárnám. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. janúar 2025

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum




Morgunblaðið/sisi

**Einingahús** Skjólgörðunum var ætlað að vera ráðstöfun til skemmri tíma.

# „Skjólgarðar“ enn í biðstöðu

**● Ráðuneytið skoðar búsetuúrræði**

Sigtryggur Sigtryggsson
sisi@mbl.is

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur ákveðið að skoða búsetuúrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd hér á landi í víðu samhengi og stendur sú vinna yfir.

Í skriflegu svari við fyrirspurn Morgunblaðsins kemur fram að þetta hafi verið ákveðið þar sem fjöldi umsækjenda um alþjóðlega vernd hér á landi dróst mikið saman í fyrra frá því sem var árin 2022 og 2023.

Þörfin fyrir einingahús sem búsetuúrræði fyrir umsækjendur hafi jafnframt farið minnkandi, segir í svari ráðuneytisins.

Tilefni fyrirspurnarinnar var að hinn 12. apríl 2023 sendi ráðuneytið fyrir hönd Guðmundar Inga Guðbrandssonar þáverandi félags- og vinnumarkaðsráðherra bréf til Reykjavíkurborgar þar sem óskað var eftir samstarfi um að reisa svokallaða skjólgarða (einingabyggðir) fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd líkt og önnur ríki Evrópu hafa gert.

Gert var ráð fyrir að hver skjólgarður myndi rúma allt að 250 umsækjendur um alþjóðlega vernd. Í hverjum skjólgarði áttu að vera 80-85 búseteiningar á einni eða tveimur hæðum.

Borgarráð samþykkti í maí sama ár tillögu Dags B. Eggertssonar þáverandi borgarstjóra um að teknar yrðu upp viðræður við ráðuneytið um óskir þess efnis að fundnar verði heppilegar staðsetningar í borginni. Sú vinna var sett af stað en samkvæmt upplýsingum frá borginni sett í bið þegar aðstæðurnar breyttust.

Í greinargerð með tillögu borgarstjóra til borgarráðs kom fram að áform um skjólgarðana væru tilkomin vegna aukins fjölda flóttafólks frá Úkraínu og öðrum ríkjum.

### Kostnaður er óljós

Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir átti að sjá um að óska eftir tilboðum í einingarnar sjálfar. Þar sem engar staðsetningar lágu fyrir í borginni var sú vinna einnig sett í bið. Því liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um það hver kostnaður ríkissjóðs yrði af því að setja upp skjólgarða sem athvarf fyrir hælisleitendur.

Í bréfi ráðuneytisins til borgarstjóra sagði að um tímabundin úrræði væri að ræða í allt að fjögur ár á meðan aðrir möguleikar til búsetu flóttafólks væru takmarkaðir.

Þar sem dregið hefur úr fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd hafa áformin um skjólgarða því verið sett í biðstöðu.